

1. april **26** innan þessa byggingarumdæmis. Nái samþykkt um sameiginlegan byggingarfulltrúa ekki löglegu samþykki samkv. 2. málslið þessarar greinar, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingarfulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr byggingarstjóði, miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

4. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, er verður 11. gr., orðist svo:

Fara um byggingarumdæmið og leiðbeina íbúum þess um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef þess er óskað. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í umdæminu ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.

5. gr.

Upphaf 11. gr. laganna, er verður 13. gr., orðist svo:

Sýslunefndir í sama byggingarumdæmi hafa heimild til o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

27

1. april

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 1. málsgreinar 31. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, orðist á þessa leið:

Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hvernar hjá annarri, né heldur til sparisjóðsinnstæðna, annarra en á ávísanabókum, er nema 200 kr. eða lægri fjárhæð.

2. gr.

Á eftir 45. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Þá er framtalsnefnd hefur lokið störfum samkvæmt 45. gr., skal hún ákveða mönnum skatt samkvæmt 17. gr. og gera um það skattskrár, þar sem skattgreiðendur eru taldir í stafrófsröð, hver í sínu skattaumdæmi. Tilkynna skal skattgreiðendum með ábyrgðarbréfi skattupphæð þá, sem þeim ber að greiða.

Rétt hefur skattþegn til þess að kæra til framtalsnefndar yfir skatti þeim, sem á hann er lagður. Kærufrestur skal vera 3 vikur í Reykjavík og Hafnarfirði, frá því að tilkynning um skattgreiðslu var lögð í póst, en 6 vikur annars staðar á landinu.

Framtalsnefnd úrskurðar kæru skattþegns innan 4 vikna, eftir að henni barst kærna 27 í hendur, nema hún telji sig þurfa lengri frest til rannsóknar. 1. apríl

Skattþegn getur skotið úrskurði framtalsnefndar til fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

28

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip. 1. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3 mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

29

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. 1. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir styrk, $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði þeirra veggjamóta, véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins